

Safnaðarblað Gleráirkirkju

2. tbl. 21. árg.

Október 2006



Jesús sagði:

„Sáðmaður gekk út að sá sæði sínu. Og þá er hann sáði féll sumt hjá götunni og varð fótum troðið og fuglar himins átu það upp. Sumt féll á klöpp. Það spratt en skrælnaði af því að það hafði ekki raka. Og sumt féll meðal þyrna og þyrnarnir spruttu einnig og kæfðu það. En sumt féll í góða jörð, óx upp og bar hundraðfaldan ávöxt. Að svo mæltu brópaði hann: Hver sem eyru befur að beyra, hann beyri.“

Lúkas 8:5-8

Trúrækni

Á haustin upplifum við gjarnan þann góða lærdóm sem nema má í bók náttúrunnar að við uppskerum eins og við sáum. Dásamlegt þykir okkur að fara með fjölskyldunni og tína ber eða taka upp ferskar kartöflur. Trúin kennir okkur að líta þessar gjafir jarðar sem hluta af blessun Guðs og elsku. Hlutir sem þessir ættu að vekja í hjörtum okkar þakklæti til skaparans sem er sannarlega gjafari alls hins góða. Nú á haustdögum, þótt vetur sé framundan, ættum við einmitt ekki síður en á vori lífsins að huga að því hvernig við ætlum að sá til uppskeru framtíðarinnar. Hvernig ætlum við að rækta börnin okkar, fjölskyld-

una, vináttuna, já og störfín öll sem sinna þarf? En síðast en ekki síst hvernig ætlum við að rækja og rækta trúna? Trúin dýrmæta er vissulega gjöf en við verðum að muna að sú gjöf er aldrei sjálfgefin, það fer um hana eins og gróðurinn, hún dafnar eða visnar eftir aðbúnaði og aðstæðum.

Samkvæmt fyrirhugun skaparans og boðskap kristinnar á trúin að vera okkur öflug stoð í lífinu, stoð sem gefur styrk og viðheldur sambandi okkar við höfund lífsins. Hún á sífellt að efla okkur í meðvitundinni um hvað það er sem mestu varðar og styrkja viljann til hins góða. Samkvæmt skilningi og boðskap

kristindómsins er hún því besta forvörnin sem við getum veitt börnum okkar gagnvart háska lífsins. Minnumst því ábyrgðar okkar gagnvart börnunum og leitumst við að miðla þeim því besta sem við þekkjum. Minnumst þess að gjöf trúarinnar dafnar ekki án ræktarsemi við góðan Guð og samfélagið sem hann hefur kallað okkur til og við nefnum kirkju.

Með blessunaróskum og von um að sjá þig í kirkjustarfinu í vetur.

Sr. Arnaldur Bárðarson
Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Kór Gleráarkirkju

Starf Kórs Gleráarkirkju er mjög fjölbreytt. Kórnum er skipt í tvo hópa. Venjulega syngur kórfélagi í einni messu annan mánuðinn en tveimur messum þann næsta, þar sem barnakór kirkjunnar syngur í messum einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Í kringum stórhátíðar og fermingar má að vísu eiga von á að messurnar séu fleiri. Ef kórfélagi sem á að syngja er upptekinn þá höfum við alltaf hjálpast að og hlaupið í skarðið hvert fyrir annað.

Í Gleráarkirkju eru messur á sunnudögum kl. 11:00 yfir veturinn en á sumrin eru kvöldmessur kl. 20:30. Frá byrjun júlí og fram yfir verslunarmannahelgi er kórinn í sumarfrí. Reglubundnar kóræfingar hefjast í byrjun september og standa til loka maí. Æftir er á þriðjudögum frá 20:00 - 22:00.

Komandi vetrarstarf er mjög spennandi. Áætlað er að halda tónleika til styrktar orgelsjóði kirkjunnar nú í haust og munum við syngja á þeim tónleikum ásamt fleira tónlistarfólki. Fyrir jólin mun líka koma til geisladiskur sem kórinn söng inn á fyrir nokkru og ber heitið **Sjáumst aftur**. Hinir hefðbundnu jólatónleikar verða svo haldnir 17. desember. Eftir áramót er fyrirhugað að æfa efni í samvinnu við Kór Dalvíkurkirkju

og syngja á tvennum tónleikum bæði í Gleráarkirkju og Dalvíkurkirkju næsta vor. Á fimm ára fresti fer kórinn í tónleikaferð erlendis og erum við að fara í slíka ferð næsta vor þannig að komandi starfsár verður líka uppfyllt af tónlist sem við ætlum að flytja á erlendri grundu.

Á prenti lítur þetta út fyrir að vera mjög mikið en svo er ekki og þetta er allveg ótrúlega gaman. Hópurinn er mjög skemmtilegur og þegar við göngum út af æfingu erum við alltaf svo ótrúlega glöð og kát. Það er athyglisvert hvað maður verður glaður við að syngja. Við þurfum bara að vera fleiri og ef þú lesandi góður hefur gaman af því að syngja, komdu þá og vertu með! Við erum viss um að þú sérð ekki eftir því. Við skemmtum okkur að minnsta kosti mjög vel.

Með kveðju,
Söngvarar í Kór Gleráarkirkju

**Stjórnandi kórsins er Hjörtur Steinbergsson s: 862 2316,
hjortur@glerarkirkja.is
Sjá nánar á www.glerarkirkja.is**



Djárninn í Gleráarkirkju í fararbroddi meðmælagöngu á TTT móti ÆSKEY í Hrísey um síðustu helgi.

Átaksár

Kærleiksbjónustan og hjálparstarf kirkjunnar eru í miðpunkti alls starfs Þjóðkirkjunnar í vetur. Kirkjan veit að orð nægja ekki til að góðir hlutir komist í framkvæmd. Þess vegna efnir kirkjan samkvæmt stefnumótun sinni til átaksárs um kærleiksbjónustu og hjálparstarf. Söfnuðir eru hvattir til að leita nýrra leiða í kærleiksbjónustunni og efla það góða starf sem fyrir er. Þannig er Hjálparstarf kirkjunnar og Kristni-boðið ofarlega á baugi í vetur.

Einnig er stefnt að því að efla vinnuheimsóknir eða heimsóknarþjónustu safnaðanna til að mæta þörfum þess fólks sem á erfitt með að komast af heimilum sínum t.d. vegna fötlunar eða öldrunar. Í því sambandi er oft bent á verkefni okkar hér í Eyjafjarðarprófastsdæmi sem Ásta Garðarsdóttir hefur umsjón með og nánar má fræðast um á www.kirkjan.is/eyjafjarðarprofastsdaemi.

Kirkjan vill rjúfa einangrun, efla samfélag, veita umhyggju og von. Margir söfnuðir hafa sinnt slíku starfi lengi og það hefur gefið góða raun. Sjálfbodaliðar starfa að þessu verkefni og þannig er hægt að taka þátt í sameiginlegu starfi sem felur í sér að gefa og þiggja. Þannig er kærleiksbjónustan engin einstefnugata heldur samfélag okkar allra þar sem við tökum höndum saman sem ein kirkja, staðráðin í því að búa okkur öllum um betra líf.



Kynning á bænabandinu og notkun þess verður í kirkjunni þriðjudaginn 10. október kl. 17.30 og þriðjudaginn 7. nóvember kl. 17.30.

Bænastundir sem taka mið af bænabandinu verða síðan alla þriðjudaga í október og nóvember kl. 18.10.

Fjölbreytt barna- og unglíngastarf

Í Gleráarkirkju er boðið upp á fjölbreytt starf fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Með starfinu vill kirkjan bjóða upp á valkost í tómstundastarfi á Akureyri þar sem sérstök áhersla er lögð á sögur Biblíunnar og kristið samfélag.

Á sunnudögum klukkan ellefu hittast yngri börnin með eldri systkinum sínum og foreldrum í barnsamverunum. Sameiginlegt upphaf er í messu áður en þátttakendur í barnastarfinu fara yfir í safnaðarsalinn. Þar kynnst börnin brúðunum Engilráð, Rebba ref og fleirum, lögð er áhersla á hreyfisöngva og sögur úr Biblíunni.

Á sunnudagskvöldum klukkan átta til tíu er æskulýðsfélagið Glerbrot með fundi. Út þennan mánuð er félagið aðeins opið krökkum úr níunda bekk og eldri en í byrjun nóvember er unglíngum úr áttunda bekk boðið að bætast í hópinn. Framundan er ferð á landsmót æskulýðsfélaga í Vatnaskógi í lok október og útilega á Vestmannsvatni aðra helgi í nóvember. Ferðir eru aðeins opnar virkum félögum.

Á þriðjudögum klukkan hálf fjögur eru æfingar barna- og unglíngakórsins. Rúmlega 30 börn eru nú í kórnum og mun hann starfa í þessu formi fram að áramótum undir stjórn Unnar Birnu Björnsdóttur sem leysir Ástu Magnúsdóttur af í barnseignarleyfi. Von er á Ástu til starfa aftur um áramót og mun nýtt skipulag kórastarfsins verða kynnt síðar.

Á fimmtudögum klukkan hálf fimm er TTT starfið á sínum stað á neðri hæð kirkjunnar. Framundan er skemmtilegt starf og alls konar uppákomur og ferðalag á vorönn.

Á föstudagskvöldum klukkan átta til tíu [ATHUGIÐ BREYTTAN TÍMA] er „Kaffi Glerbrot“ opið öllum krökkum úr áttunda, níunda og tíunda bekk. Ýmsar uppákomur, fjölbreytt tónlist og óvæntir gestir gefa kaffihúsalífinu lit undir stjórn Christínu.

Á laugardagsmorgnum klukkan hálf tólf er kirkjuskóli fyrir börn úr fyrsta til fjórða bekk á neðri hæð kirkjunnar, gengið inn um inngang norðaustan á kirkjunni. Sögur úr biblíunni og fönður eru uppistaðan í dagskránni sem er undir stjórn Guðrúnar og Valdísar.

Frá TTT móti ÆSKEY í Hrísey. Allir í sundi!



Krakkarnir á TTTmóti ÆSKEY í Hrísey um síðustu helgi skelltu sér í meðmælagöngu í þágu kærleika!

Eyjafjarðarprófastsdæmi

www.kirkjan.is/ejafjarðarprofastsdaemi

Fræðsla, námskeið og málþing



Alltíð námskeið í Gleráarkirkju á miðvikudagskvöldum í október og nóvember kl. 18.30 • Ný námskeið hefst fyrsta miðvikudag í febrúar og september 2007. **Alltíð 1 – Spurningar lífins**
Alltíð-framhaldsnámskeið – Úr helmi barnarinnar
• Leiðbeinendur: Pállur Björgvin Þorsteinsson, djákni, Sigr. Guðmundur Guðmundsson



Tölpaporastarfi - andlegt ferðslag í Laxdalshúsi fimmtudaginn 5. október kl. 17 og þriðjudaginn 10. október kl. 17
• Námskeið fyrir leiðbeinendur í tölpaporastarfi
• Leiðbeinandi: Sigr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir
• Tölpaporastarfi er í Akureyrar-, Glerár- og Ólafsfjarðarkirkju



Hjólanámskeið – að gera gott hjónaband betra í safnaðarheimi Dalvíkukirkju sunnudagskvöldið 8. október kl. 20.30
• Leiðbeinendur: Sigr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir og Sigr. Magnús G. Gunnarsson



„Bænabandið“ – námskeið í tengslum við kynnbar- og bænastundir í Gleráarkirkju á þriðjudögum kl. 18.10. Þann 10. október og 7. nóvember verða sýntakar fræðslustundir um bænabandið kl. 17.30 á undan kynnbarstund.
• Leiðbeinandi: Sigr. Guðnauður Gardarsdóttir



„Jesú-bíó“ og málstofa um kvikmyndirnar Jesús frá Montreal eftir Denis Arland og Mafleusarguðspjall eftir Pier Paolo Pasolini í Gleráarkirkju laugardaginn 14. október kl. 13-21. Innleiðsla og umræður annast Amfríður Guðmundsdóttir, Ami Svanur Davíðsson og ar. Sigurðar Ami Þórdarson ásamt fleirum, umræður yfir kaffibolla eftir sýningarnar.



Emmaus-námskeið í kapelli Akureyrarkirkju á fimmtudagskvöldum í nóvember kl. 20. Heilgístund kl. 21 í kirkju eða kapelli.
• Leiðbeinandi: Sigr. Guðmundur Guðmundsson og ar. Óskar H. Óskarsson



„Í sorgarhúsi“ Námskeið fyrir fólk sem starfar í nánd við dauðann og sorgina í Gleráarkirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 13-17
• Leiðbeinendur: Sigr. Sigríður Þorleifsson, sjúkráshúspætur á LHS og ar. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkráshúspætur á FSA.



Útfararþjónusta kirkjunnar – námskeið og umræðufundur í Hófkakapelli laugardaginn 4. nóvember kl. 10-14.
• Leiðbeinendur: Sigr. Sigríður Þorleifsson og ar. Guðrún Eggertsdóttir. Fundurinn er aðeins starfsfólki kirkjugarða og útfarastofa, presta og annarra sem að útforum koma.




Málþing um kærleiksþjónustu kirkjunnar í Akureyrarkirkju þann 17. nóvember kl. 13-17. Samtöl aðila á svæðinu sem sinna þjónustustörfum um þessa stöfumótunar kirkjunnar velurinn 2006-7, kærleiksþjónusta og hjálpastarfi.
• Málþingið haldur Eyjafjarðarprófastsdæmi og Biskupsstofa.

Fræðslu- og þjónustudeild

Kirkjubíó í
Laxdalshúsi
Hafnarstræti 11
600 Akureyri
Sími: 462 6702
Fax: 462 6704
Netfang: guðmundur.guðmundsson@kirkjan.is

Athafnir í Gleráarkirkju

á næstunni



Sunnudagur 8. október

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Sunnudagur 15. október

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Fimmtudagur 20. október

* *Samvera eldri borgara kl 15*

Sunnudagur 22. október

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Sunnudagur 29 október

* *Fjölskyldugudspjónusta kl 11*

* *Kvöldguðspjónusta með létttri tónlist kl 20.30*

Sunnudagur 5. nóvember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Sunnudagur 12. nóvember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Fimmtudagur 16. nóvember

* *Samvera eldri borgara kl 15*

Sunnudagur 19. nóvember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Sunnudagur 26. nóvember

* *Fjölskyldugudspjónusta kl 11*

* *Kvöldguðspjónusta með létttri tónlist kl 20.30*

Sunnudagur 3. desember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

* *Aðventukvöld kl 20.30*

Sunnudagur 10 desember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

Fimmtudagur 14. desember

* *Samvera eldri borgara kl 15.00*

Sunnudagur 17. desember

* *Barnasamvera og messa kl 11*

* *Tónleikar Kórs Gleráarkirkju kl 17.00*

Munið!

Priðjudagar í október og nóvember: Kyrrðarstund í kapelli kl 18:10

Miðvikudagar: Hádegissamvera kl. 12 • Fimmtudagar: Opið hús fyrir foreldra og börn kl. 10-12

Yfirlit yfir barna- og æskulýðsstarfið í opnu blaðsins

Gleráarkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalsstímar í kirkjunni **priðjudaga** til **föstudaga kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**

Símar: Í kirkju **464 8808**, heima **462 7676** og GSM **864 8455**. Netfang: gunnlaugur@glararkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalsstímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**

Sími í kirkju: **464 8802**, heima **462 6605** og GSM **864 8456** Netfang: arnaldur@glararkirkja.is

Pétur Björgvín Þorsteinsson djákni

Viðtalsstímar í kirkjunni **priðjudaga** til **fimmtudaga kl. 10-12** og **eftir samkomulagi**

Sími í kirkju: **464 8807**, heima **561 4405** og GSM **864 8451** Netfang: petur@glararkirkja.is

Starfsmenn við Gleráarkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega **kl. 11-16**. Sími **464 8800**
Heimasími hans er **462 2491** og GSM **864 8453**

Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími **464 8804** og GSM **862 2316**

Ráðskona er Sigurrós Anna Gísladóttir

Heimasími **848 6440**

Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir sími **847 9025** og
Jón Oddgeir Guðmundsson sími **894 4301**

Upplýsingar um annað starfsfólk á vef kirkjunnar,
www.glararkirkja.is

Gleráarkirkja, sími 464 8800

www.glararkirkja.is • Fax: 464 8809

